



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Ársskýrsla
2017-2018



Efnisyfirlit

1. Stjórnun og rekstur	4
2. Starfsemi.....	9
3. Fræðslustarf	12
4. Markaðs- og kynningarmál.....	15
5. Mannauðsmál	17
6. Listamenn sem komu fram með hljómsveitinni 2017-18	20
7. Tónleikar starfsárið 2017-2018	23
8. Hljóðritanir og hljómdiskar	34
9. Tónverk hljóðrituð eða flutt á tónleikum á starfsárinu.....	36
10. Fastráðnir hljóðfæraleikarar starfsárið 2017-18	41
11. Fjöldi tónleikagesta	45

1. Stjórnun og rekstur

Starfsárið 2017-2018 var 68. starfsár Sinfóníuhljóm- sveitar Íslands og sjötta heila starfsár hljómsveitar- innar í Hörpu. Alls hélt hljómsveitin 93 tónleika á starfsárinu, auk 43 annarra viðburða. Um 83.202 gestir sóttu tónleika á vegum hljómsveitarinnar og flutt voru yfir 233 minni og stærri verk.

1. Stjórnun

Samkvæmt lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands (SÍ) standa ríkissjóður og Reykjavíkurborg að rekstri hljómsveitarinnar. Ríkissjóður greiðir 82% af rekstrarkostnaðinum en Borgarsjóður Reykjavíkurborgar 18%.

Stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands var skipuð til fjögurra ára í nóvember 2014 og er því skipunartími hennar til 13. nóvember 2018. Stjórnarformaður er Sigurbjörn Þorkelsson.

Stjórnin er þannig skipuð: Sigurbjörn Þorkelsson er formaður stjórnar, skipaður af mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Friðjón R. Friðjónsson er varaformaður, skipaður af mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Oddný Sturludóttir er tilnefnd af Reykjavíkurborg. Bryndís Pálsdóttir er fulltrúi SMFSÍ. Jens Garðar Helgason er skipaður af fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Varamenn eru: Óttar Guðjónsson, tilnefndur af mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Svanhildur Sigurðardóttir, tilnefnd af mennta- og menningar- málaráðuneytinu og Sigurjón Kjartansson, tilnefndur af Reykjavíkurborg. Sigurður Bjarki Gunnarsson, tilnefndur af SMFSÍ (sagði sig frá varamennsku en í hans stað er Bryndís Björgvinsdóttir). Helga Árna- dóttir, tilnefnd af fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Á starfsárinu 2017-2018 hélt stjórn Sinfóníu- hljómsveitar Íslands alls 10 fundi.

Rekstur

Rekstur hljómsveitarinnar hefur verið samkvæmt áætlunum síðustu fjögur fjárhagsár og er stofnunin skuldlaus við ríkissjóð með öllu. Við það hefur skapast aukið svigrúm í starfsemi hljómsveitarinnar til stærri og fjárfrekari verkefna á borð við tónleika- ferðir, stærri tónlistarviðburði og hljóðfærakaup. Stefna hljómsveitarinnar síðustu ár hefur verið að styrkja stöðu sína á alþjóðlegum vettvangi. Þar leika tónleikaferðir utan landsteinanna lykilhlutverk sem mikilvægur vettvangur fyrir hljómsveitina að sýna sig og sanna, kynna íslenska tónlist og er um leið afar dýrmæt landkynning fyrir Íslands. Ljóst er að eftirspurn eftir hljómsveitinni hefur aukist gríðarlega og tækifærin eru mörg. Vonir eru bundnar við að með batnandi efnahag Íslands aukist jafnframt möguleikar aukinnar aðkomu atvinnulífsins að fjárfrekari viðburðum hljómsveitarinnar.

Eitt af hlutverkum Sinfóníuhljómsveitar Íslands hefur allt frá stofnun hennar verið að færa Ísland nær umheiminum í menningarlegum skilningi. Með starfi hljómsveitarinnar gefst Íslendingum kostur á að kynnast og upplifa lifandi flutning á meistaraverkum tónlistarsögunnar, sem tilheyra sameiginlegum menningararfi heimsis alls, styðja við íslensk tónskáld og einleikara og rækta hæfileika á heimaslóð. Með sívaxandi framlagi okkar fremstu tónlistarmanna til menningar á heimsvísu hefur vægi Sinfóníuhljómsveitar Íslands í hinum alþjóðlega klassíska tónlistarheimi jafnframt aukist til muna.

Til marks um það stóðu virtar menningarstofnanir á borð við Filharmóníuhljómsveit Los Angeles og hið glæsilega tónlistarhús Elbphilharmonie í Hamborg fyrir íslenskum tónlistarhátíðum árið 2017 og 2018. Segja má að íslenska þjóðin sé nú að uppskera eftir að hafa lagt áherslu á mikilvægi vandaðrar og metnaðarfullrar tónlistarmenntunar síðustu áratugina. Sinfóníuhljómsveit Íslands á stóran þátt í þessari framvindu og þróun. Hljómsveitin hefur verið uppeldisstöð og heimahöfn tónlistarmanna á borð við Víking Heiðar Ólafsson, Önnu Þorvaldsdóttur og Daníel Bjarnason sem öll hafa stigið sín fyrstu skref á vettvangi hljómsveitarinnar. Samstarf hljómsveitarinnar við þessa framúrskarandi listamenn sem vakið hafa alþjóðlega athygli og náð að skapa sér sess meðal fremstu tónlistarmanna samtímans skilar sér nú til baka í aukinni athygli á starfsemi hljómsveitarinnar erlendis frá.

Sinfóníuhljómsveit Íslands lék alls 38 íslensk tónverk á starfsárinu, af ýmsum toga. Áhersla er lögð á að flytja ný og nýleg tónverk og undanfarin ár hefur hljómsveitin lagt mikið upp úr því að gefa ungum tónskáldum tækifæri, með eftirtektarverðum árangri fyrir íslenskt tónlistarlíf í heild (t.d. Anna Þorvaldsdóttir, Daníel Bjarnason o.fl.). Á þessu starfsári voru ung íslensk tónskáld m.a. áberandi á tónleikum hljómsveitarinnar á Iceland Airwaves og Myrkum músíkdögum.

Einnig er lögð áhersla á að leggja rækt við íslenskan menningararf. Bar þar hæst frumflutning á hinni risavöxnu óratoríu Eddu II eftir Jón Leifs, rúmum 50 árum eftir að hann lauk við verkið, en einnig flutti hljómsveitin Adagio eftir Magnús Blöndal Jóhannsson sem er lykilverk í íslenskri tónlistarsögu.

Mikið er lagt upp úr því að flytja íslenska tónlist fyrir börn og má í þessu tilliti nefna tónlistarævintýrið Drekin innra með mér sem Elín Gunnlaugsdóttir

samdi tónlist við. Sömuleiðis voru stór ný íslensk sviðsverk flutt í samstarfi við aðrar listastofnanir, Krieg eftir Ragnar Kjartansson og Kjartan Sveinsson (samstarf við Þjóðleikhúsið) og óperan Brothers eftir Daníel Bjarnason (samstarf við Íslensku óperuna á Listahátíð í Reykjavík).

Hljómsveitin leggur einnig mikla áherslu á að kynna íslenska tónlist á alþjóðlegum vettvangi með hljóðritunum og útgáfu. Á starfsárinu var hljóðritað efni á tvo geisladiska, annars vegar Edda II eftir Jón Leifs, hins vegar ný íslensk tónlist (Haukur Tómasson, Páll Ragnar Pálsson o.fl.) sem kemur út á vegum bandaríska forlagsins Sono Luminus.

Hlutur bæði kventónskálda og hljómsveitarstjóra hefur markvisst verið aukinn síðustu starfsár og er stefna hljómsveitarinnar að sú þróun haldi áfram.

Aðalstjórnandi

Starfsárið 2017-2018 var annað starfsárið af þremur þar sem Yan Pascal Tortelier gegnir hlutverki aðalhljómsveitarstjóra SÍ. Samstarfið við Tortelier hefur verið farsælt og gefandi og hljómsveitin fengið afar dýrmætt tækifæri til listræns þroska undir hans stjórn. Þannig hefur Tortelier kynnt hljómsveitina fyrir ferskri og nýrri nálgun á franskri tónlist með flutningi á verkum eins og Symphonie Fantastique eftir Berlioz, Sinfóníu nr. 1 eftir Gounod sem Chandos hljóðritaði, Síðdegi skógarpúkans eftir Debussy og La valse eftir Ravel.

Aðalgestastjórnandi og heiðurshljómsveitarstjóri

Osmo Vänskä er heiðurshljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands og gegnir jafnframt stöðu aðalgestastjórnanda til 2020. Samstarfið við Osmo Vänskä, sem stendur á hátindi síns ferils, er afar mikilvægt fyrir hljómsveitina enda fáir sem hafa jafn mikla þekkingu og yfirsýn yfir listræna framþróun og getu hljómsveitarinnar en hann gegndi stöðu aðalhljómsveitarstjóra árin 1993-1996. Osmo gerir ýtrustu kröfur til hljóðfæraleikaranna sem skilar sér í djúpstæðri tónlistarupplifun tónleikagesta. Starfsárið 2017-18 stjórnaði Osmo meðal annars eftirminnilegum flutningi á sínfóníu nr. 6 eftir Shostakovitsj og Mahler 2 á Listahátíð í Reykjavík.

Aðalheiðursstjórnandi

Vladimir Ashkenazy er aðalheiðursstjórnandi hljómsveitarinnar. Á hverju starfsári stjórnar hann að minnsta kosti einum tónleikum hljómsveitarinnar sem ávallt er beðið með mikilli eftirvæntingu. Starfsárið 2017-2018 stjórnaði Ashkenazy fyrri undirbúningstónleikum hljómsveitarinnar vegna Japansferðar sem farin verður í nóvember 2018. Einleikari á tónleikunum var hinn heimsþekkti japanski píanóleikari Nobuyuki Tsujii. Nobuyuki hefur verið blindur frá fæðingu en árið 2009 vann Nobu, eins og hann er ávallt kallaður, Van Cliburn píanókeppnina. Undirbúningur fyrir ferðina hefur staðið síðustu misseri en ferðin er ekki síst hugsuð til að heiðra hið dýrmæta samstarf og framlag Ashkenazy til Sinfóníuhljómsveitar Íslands og íslensks tónlistar- og menningarlífs síðustu áratugina.

Staðarlistamaður

Anna Þorvaldsdóttir var útnefnd staðartónskáld Sinfóníuhljómsveitar Íslands um mitt starfsárið 2017-2018 og tekur hún við þeim titli úr hendi Daníels Bjarnasonar sem gegndi stöðu staðarlistamanns frá árinu 2015. Hlutverk Önnu sem staðartónskálds er margþætt. Hún mun semja ný tónverk fyrir hljómsveitina auk þess sem hljómsveitin mun flytja nýleg verk eftir Önnu, meðal annars hljómsveitarverkið Metacosmos sem samið er fyrir Fílharmóníuhljómsveit New York-borgar og Esa Pekka Salonen stjórnaði frumflutningi á. Anna mun einnig eiga sæti í verkefnavalsnefnd Sinfóníuhljómsveitarinnar og vera í forsvari fyrir tónskáldastofuna Yrkju, samstarfsverkefni Sinfóníunnar og Íslenskrar tónverkamiðstöðvar og miðar að því að veita ungum tónskáldum tækifæri til að semja verk fyrir sínfóníuhljómsveit.

Anna Þorvaldsdóttir er ein þeirra íslensku tónlistarmanna sem náð hafa hvað lengst í list sinni á alþjóða vísu. Meðal þeirra sem hafa leikið verk Önnu má nefna Sinfóníuhljómsveit Íslands, International Contemporary Ensemble (ICE), Fílharmóníusveitin í New York, Fílharmóníusveitin í Los Angeles Ensemble Intercontemporain, NDR Elbphilharmonie, Bang on a Can All-Stars, The Crossing, Fílharmóníusveitin í Osló, og Konunglega fílharmóníusveitin í Stokkhólmi.

Af þessari upptalningu má sjá að það er Sinfóníuhljómsveit Íslands mikill akkur að hafa fengið Önnu til liðs við sig sem staðarlistamann og tengir Sinfóníuhljómsveit Íslands við virtustu sínfóníuhljómsveitir heims.

Verkefnavalsnefnd

Verkefnavalsnefnd skipa níu manns; Árni Heimir Ingólfsson, listrænn ráðgjafi og formaður nefndarinnar, Daníel Bjarnason skipaður af stjórn/ Anna Þorvaldsdóttir tók við af Daníel frá áramótum 2018, Anna Sigurbjörnsdóttir, tónleikastjóri, Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri, Hjördís Ástráðsdóttir, fræðslustjóri, Magnús Lyngdal Magnússon fulltrúi stjórnar, Steef Van Ousterhout og Þórunn Ósk Marinósdóttir eru skipuð af SMFSÍ og Sigrún Eðvaldsdóttir, varamaður.

Nefndin er skipuð til tveggja ára í senn og fundar að jafnaði einu sinn í mánuði á starfsári.



2. Starfsemi

Áskriftarraðir

Hljómsveitin hélt samtals 93 tónleika á starfsárinu, auk þess að standa fyrir 43 öðrum viðburðum í tengslum við tónleika. Flutt voru 233 minni og stærri verk á starfsárinu.

Áskriftarraðir voru með sama móti og undanfarin ár og skiptast í gula, rauða og græna röð, Litla tónsprotann og Föstudagsröð. Auk þess var voru haldnir fjöldi tónleikar utan raða, skóatónleikar, samstarfstónleikar og fleira.

Tónleikar utan áskriftar

Af tónleikum utan raða má nefna að ákveðið var að endurtaka leikinn frá síðasta starfsári þar sem landsmönnum gafst tækifæri til að kjósa á netinu um hvað þeir vildu heyra á fyrstu kvöldtónleikum starfsársins. Að þessu sinni var kosið um óperuaríur og voru tónleikarnir Klassíkin okkar - heimur óperunnar, sýndir í beinni útsendingu á RÚV þann 1. september 2017. Af öðrum tónleikum utan áskrifta má nefna þátttöku SÍ í ýmsum hátíðum sem getið er um annars staðar í þessari skýrslu. Þá var óratórian Edda II: Líf guðanna frumflutt í mars og einnig tekin upp til útgáfu. Haldnir voru tvennir bíótónleikar þar sem kvikmyndin Amadeus var sýnd við undirleik hljómsveitarinnar.

Samstarf og framlag til hátíða

Sinfóníuhljómsveit Íslands átti samstarf við Sinfóníuhljómsveit Gautaborgar sem sótti okkur heim í mars 2018 en SÍ lék einmitt í tónleikahúsinu í Gautaborg í apríl 2017.

Í nóvember 2017 lék Sinfóníuhljómsveitin undir hjá

Röð	Tónleikar	Endurtekning	Samtals
Gul röð	7	0	7
Rauð röð	7	0	7
Græn röð	5	3	8
Litli tónsprotinn	4	5	9
Föstudagsröð	3	0	3
Tónleikar utan raða SÍ	13	1	14
Tónleikar utan raða	5	0	5
Ballett/ópera /sýning	3	6	9
Vinnustaðatónleikar	3	5	8
Skólatónleikar	7	14	21
Tónleikar með öllu			91
Aðrir viðburðir			
Opnar lokaæfingar á áskriftartónleikum	19		19
Tónleikakynningar	22		22

St. Petersburg Festival Ballett í flutningi á Þyrnirós eftir Tsjajkovskíj undir stjórn Vadim Nikitin.

Viðburðurinn sem Harpa stóð fyrir tókst mjög vel og urðu sýningar alls fjórar. Þetta var fjórða árið í röð þar sem efnt var til slíks samstarfs.

Í maí tók hljómsveitin höndum saman við Þjóðleikhúsið í uppsetningu á hinu nýstárlega verki Stríð eftir Ragnar Kjartansson og Kjartan Sveinsson undir stjórn Bjarna Frímanns Bjarnasonar. Sýningar í Þjóðleikhúsinu urðu þrjár talsins.

Menningarnótt í Reykjavík: Sinfóníuhljómsveit

Íslands tók sem fyrr virkan þátt í hátíðum sem haldnar voru í Reykjavík. Á Menningarnótt hélt hljómsveitin tvenna tónleika í Eldborg. Á fyrri tónleikunum var leikið úrval úr dagskrá Litla tónsprotans frá starfsárinu sem var framundan. Tónleikunum stjórnaði Bernharður Wilkinson. Á

seinni tónleikunum voru flutt tvö verk þar sem efniviðurinn var ástarsaga ungmennanna Rómeó og Júlíu. Hljómsveitarstjóri var Vestur-Íslendingurinn Keri-Lynn Wilson. Ungmennin Rómeó og Júlía voru túlkuð af leikurunum Sigurði Þór Óskarssyni og Þórunni Örnú Kristjánsdóttur.

Los Angeles/Reykjavík

Á vordögum 2017 hélt Fílharmoníuhljómsveitin í Los Angeles mikla tónlistarhátíð þar sem íslensk tónlist og íslenskir flytjendur voru í forgrunni. Listrænn stjórnandi hátíðarinnar ásamt hljómsveitarstjóranum Esa-Pekka Salonen var Daníel Bjarnason staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands. 3.-12. október 2017 var komið að Sinfóníuhljómsveit Íslands að spegla þessa hátíð hér í Reykjavík og efna til tónleika þar sem aðaláhersla var lögð á bandaríska tónlist eða verk samin fyrir bandarískar hljómsveitir og Hollywood kvikmyndir. Fyrir utan að halda sjálf tvenna tónleika stóð hljómsveitin einnig að tvennum kammertónleikum með frábærum listamönnum. Það voru annarsvegar fiðluleikarinn Leila Josefowicz og meðleikari hennar John Novacek og hins vegar hinn þekkti Calder strengjakvartett.

Iceland Airwaves: Sinfóníuhljómsveit Íslands lék að þessu sinni verk eftir fjögur íslensk tónskáld, Önnu Þorvaldsdóttur, Hildi Guðnadóttur, Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur og Þuríði Jónsdóttur. Tónleikunum stjórnaði finnski hljómsveitarstjórinn Anna-Maria Helsing.

Myrkir músíkdagar: Daníel Bjarnason stjórnaði verkum eftir íslensku tónskáldin Hauk Tómasson, Pál Ragnar Pálsson, Magnús Blöndal Jóhannsson og hinn finnska Sebastian Fagerlund. Einleikarar á tónleikunum voru Sæunn Þorsteinsdóttir og Víkingur Heiðar Ólafsson. Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands tók einnig þátt í Myrkum músíkdögum að þessu sinni. Hún flutti verkið Sila: The Breath of the

World eftir John Luther Adams undir stjórn Daníels Bjarnasonar í opnu rými í Hörpu.

Yrkja: Yrkja er samstarfsverkefni Íslenskrar tónverkamiðstöðvar og Sinfóníuhljómsveitar Íslands og fór nú fram í 3. sinn. Valin voru tvö ung tónskáld, Gísli Magnússon og Veronique Vaka Jacques, sem unnu undir handleiðslu Daníels Bjarnasonar, staðarlistamanns hljómsveitarinnar. Tónskáldin fá vinnu- aðstöðu í Hörpu og aðgang að æfingum, tónleikum og hljómsveitarfólki auk þess sem verkin eru spilð í svokölluðum tónskáldastofum á meðan á vinnuferlinu stendur. Afraksturinn var fluttur á uppskerutónleikum í Norðurljósum á Myrkum músíkdögum.

Listahátíð: Listahátíð fór fram á vordögum 2018. Þann 1. júní lék Sinfóníuhljómsveit Íslands 2. sinfóníu Gustavs Mahler, Upprisusinfóníuna, undir stjórn Osmo Vänskä. Mótettukór Hallgrímskirkju og einsöngvararnir Christane Karg og Sasha Cooke tóku þátt í flutningnum sem þótti takast afar vel. Þá setti Íslenska Óperan upp á Listahátíð, óperuna Brothers eftir Daníel Bjarnason í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands og Den Jyske Opera. Daníel Bjarnason stjórnaði flutningnum sjálfur og þótti viðburðurinn mikill sigur fyrir alla sem að komu.

Tónleikaferðir

Á starfsárinu 2017-18 reyndist ekki unnt að setja inn neinar tónleikaferðir inn á dagskrá þar sem halda þurfti fast í tauma til að unnt verði að fjármagna fyrirhugaða ferð til Japans haustið 2018. Verður sú ferð sú lengsta og stærsta sem Sí hefur ráðist í síðan 2008.



3. Fræðslustarf

Skólatónleikar og fræðsluverkefni

Fræðslustarf Sinfóníuhljómsveitar Íslands nýtur mikilla vinsælda meðal barna og fullorðinna. Hljómsveitin heldur úti fjölbreyttri og glæsilegri tónleikaröð fjölskyldunnar, Litla tónsprotanum, þar sem boðið er upp á listasmiðjur í aðdraganda eða kjölfar valinna tónleika. Nemendur allt frá leikskólaaldri að framhaldsskóla nýta sér boð hljómsveitarinnar á skólatónleika, starfskynningar og fræðslumorgna þar sem ljósi er varpað á starfsemi hljómsveitarinnar. Boð á skólatónleika eru unnar í samstarfi við skólaskrifstofur á landinu. Í fræðsluverkefnum hljómsveitarinnar er unnið markvisst að því að jafna kynjahlutfall hljómsveitarstjóra og útsetjara ásamt því að leitast við að bæði stúlkur og drengir séu virkir þátttakendur á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Hljómsveitin fór í fjölda skóla- og vinnustaðaheimsóknar á starfsárinu, heimsótti verslunarmiðstöðvar, Álverið í Straumsvík og Hólmsheiðarfangelsi. Auk þess lék hljómsveitin fyrir heimilisfólk Hrafnistu í Hafnarfirði og flóttamenn og starfsfólk Rauða kross Reykjavíkur og nágrennis. Einnig átti hljómsveitin samstarf við Hugarafn, samtök um samfélagslega geðþjónustu. Sinfóníuhljómsveitin styður við listamenn sem leika með hljómsveitinni og óska eftir að sinna samfélagsstarfi. Í janúar hafði hljómsveitin veg og vanda að skipulagningu heimsóknar Albans Gerhardt, sellóleikara, í dagvist aldraðra í Þorraseli, Vin, fræðslu- og batasetur Rauða krossins og heimsókn í MÍT þar sem boðið var upp á meistaranámskeið. Árleg opin lokaæfing á Vínartónlist fyrir eldri borgara í janúar var vel sótt en tónleikagestir komu af dvalarheimilum og úr félagsstarfi eldri borgara á Stór-Reykjavíkursvæðinu og

uppsveitum. Árið 2018 hóf hljómsveitin samstarf við Fjölskylduhjálpi Íslands og færði samtökunum 300 miða á jólatónleika sveitarinnar. Miðagjöfin mæltist mjög vel fyrir og var óskað eftir áframhaldandi samstarfi.

Barnastund

Barnastundir hljómsveitarinnar hafa allt frá upphafi verið gæðastundir fyrir yngstu kynslóðina. Mikil aðsókn er að Barnastundum hljómsveitarinnar og þarf að huga markvisst að framhaldi þeirra þannig að mikill fjöldi gesta dragi ekki úr almennri ánægju hlustenda. Á starfsárinu voru haldnar tvær Barnastundir í Hörpuhorni þar sem sérstakir gestir voru Egill Ólafsson og Þórunn Arna Kristjánsdóttir.

Ungsveit SÍ

Í september 2018 lék Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands á metnaðarfyllstu tónleikum sem sveitin hefur haldið frá upphafi þegar ráðist var í flutning á Vorblóti Stravinskíjs. Um 100 ungmenni undir stjórn Daniels Raiskin náðu undraverðum tókum á viðfangsefninu og var útkoman unga listafólkinu mikil hvatning og áhugavakning. Verkefni af öðrum toga; Sila: The Breath of the World eftir John Luther Adams var flutt á Myrkum músíkdögum, undir handleiðslu Daníels Bjarnasonar, í samvinnu við Kór Listaháskólans þar sem opin rými Hörpu voru könnuð til fullnustu.

Ungir einleikarar

Ár hvert heldur Sinfóníuhljómsveitin í samvinnu við Listaháskóla Íslands keppni fyrir unga einleikara og einsöngvara. Sigurvegarar keppinnar koma fram á sérstökum tónleikum með hljómsveitinni. Ein söngkona og þrír hljóðfæraleikarar unnu sér rétt til að

koma fram á tónleikum með hljómsveitinni í janúar 2018 og fluttu söngaríur og einleikskonserta.

Tónleikakynningar

Merkur áfangi náðist á starfsárinu í samstarfi við Vínafélagið þegar tónleikakynningum var fjölgað úr 15 í 20 þannig að tónleikagestum stóð til boða að sækja tónleikakynningar á undan öllum áskriftartónleikum hljómsveitarinnar í gulri, rauðri og grænni röð. Umsjón með kynningum höfðu: Árni Heimir Ingólfsson, tónlistarfræðingur, Halla Oddný Magnúsdóttir, dagskrárgerðarmaður, Sigríður St. Stephensen, dagskrárgerðarmaður og Svanhildur Óskarsdóttir, rannsóknardósent á Árnastofnun. Auk þess stóð Vínafélagið fyrir þremur öðrum sérstökum tónleikakynningum í tengslum við Frumflutning Eddu II og Aðventutónleikana, ásamt kynningu með Víkingi Heiðari fyrir tónleika hans með hljómsveitinni.

Þróunarverkefni skólahljómsveita

Sinfóníuhljómsveit Íslands hóf farsælt samstarf við Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts árið 2014 til að vekja athygli á og styðja við og styrkja það frábæra uppeldis- og menntunarstarf sem fram fer í skólahljómsveitum borgarinnar. Verkefnið stuðlaði svo um munaði að aukinni ásýnd og ásókn ungmenna í skólahljómsveitina og vakningu á mikilvægi starfseminnar. Skólahljómsveit Kópavogs fylgdi í kjölfarið 2016 og hlaut samstarf Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Skólahljómsveitar Kópavogs á jólatónleikum SÍ viðurkenningu Menntaráðs Kópavogs fyrir frammúrskarandi verkefni í skólasterfi. Á vordögum 2018 voru gerð drög að samvinnu við Skólahljómsveit Austurbæjar sem mun vinna með Sinfóníuhljómsveitinni næstu tvö árin.

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur notið liðsinnis margra hljóðfæraleikara í Ungsveitinni sem komið hafa úr skólahljómsveitunum borgarinnar og nágrennis.

Skólatónleikar og fræðslustarf

	Fjöldi	Gestir
Leik- og grunnskólatónleikar	15	9.696
Framhaldsskólatónleikar	6	4.550
Skólahópa/starfskynningar		183
Ungsveitarnámskeið		87
Samtals		14.516



4. Markaðs- og kynningarmál

Heildarfjöldi tónleikagesta Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2017-18 var 83.202 og er það um 12% aukning frá fyrra starfsári og eru þá taldir gestir á öllum tónleikum hljómsveitarinnar með skólatónleikum og fjölbreyttum samstarfsverkefnum (sjá töflu bls. 38). Auk þess er flestum tónleikum hljómsveitarinnar útvarpað beint á Rás 1 og völdum tónleikum er sjónvarpað eða streymt beint í mynd á vef sveitarinnar.

Heildarfjöldi seldra miða var 56.550 sem er 10% söluaukning frá starfsárinu á undan. Söluaukningin var bæði í sölu lausamiða og miða sem seldir eru í áskrift sbr. töflu um þróun miðasölu. (Miðasala á ballettinn, óperuna Brothers og Stríð eru ekki inni í miðasölutölum hljómsveitarinnar þar sem miðasala var í höndum samstarfsaðila).

Áfram var mikil áhersla lögð á rafræna markaðssetningu og auglýsingar birtar á netinu í auknum mæli. Lagt var upp úr gerð lifandi myndbanda til sýninga á vef sveitarinnar og á samfélagsmiðlum. Myndböndin eru bæði frá tónleikum sveitarinnar sem og fræðsluefni og viðtöl við listafólk. Auk þess voru gerð léttari myndbönd þar sem hljóðfæraleikarar koma fram líkt og í seríunni Lyftutónlist.

Aukning á heimsóknum á vef hljómsveitarinnar var um 35% á milli starfsára. Aukning heimsókna hefur nær tvöfaldast frá því nýr vefur var settur í loftið 2016. Fylgjendum fjölga milli starfsára á öðrum miðlum sem og samfélagsmiðlum Sinfóníunnar. Mikil aukning á fylgjendum á Youtube-rás má rekja til vinsælda á upptöku frá tónleikum hljómsveitarinnar á klarínettukonsert Mozarts.

**Fréttabréf: 6% aukning - Facebook: 8% aukning
Twitter: 26% aukning - Instagram: 34% aukning
Spotify: 58% aukning - Youtube: 633% aukning**

Gerð var Gallup-könnun í september 2018 þar sem könnuð var ímynd og viðhorf til hljómsveitarinnar. Niðurstöðurnar eru áfram mjög góðar og á flestum þáttum eru þær betri en á síðasta starfsári. Ímyndin mældist áfram mjög góð 98% þeirra sem hafa farið á tónleika hjá Sinfóníuhljómsveitinni á síðustu 12 mánuðum voru ánægðir með tónleikana sem eru algjörlega frábærar niðurstöður. 27,3% landsmanna töldu líklegt að þeir muni fara á tónleika á næstu 12 mánuðum var 25,9% í síðustu mælingu. 32% þjóðarinnar (18 ára og eldri) hafa farið á tónleika hjá Sinfóníuhljómsveitinni á síðastliðnum 2-3 árum - árið 2011 var hlutfallið um 20%.

28% karla hafði farið á tónleika samkvæmt könnuninni og 35% kvenna.

Þá hafa um 24% farið á tónleika á síðustu 12 mánuðum en til samræmis var þetta hlutfall 10% árið 2011. Að lokum má sjá að 72,5% landsmanna tóku eftir auglýsingum eða kynningarefni Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem er aðeins hærra í síðustu mælingu.

Líkt og áður var einnig send út viðhorfs- og þjónustukönnun til áskrifenda hljómsveitarinnar. Ánægja með tónleika og framboð tónleika mældist svipuð og starfsárið á undan en 93% þeirra sem svöruðu sögðust vera ánægðir eða mjög ánægðir. Aðrir sögðust hvorki ánægðir né óánægðir en enginn sagðist óánægður.

Ýmsar ábendingar komu fram um þjónustu við gesti í Hörpu og var í framhaldi unnið með Hörpu og þjónustuaðilum í húsinu og reynt að koma til móts við ábendingar gesta hljómsveitarinnar um það sem betur mætti fara.


Úr tónleikasal - beinar útsendingar og upptökur

Samstarf við Ríkisútvarpið er mjög mikilvægt til að ná til áheyrenda um land allt. Rás 1 tók upp 38 tónleika á starfsárinu og af þeim var 21 tónleikum útvarpað beint. RÚV tók upp eina tónleika í mynd, Klassíkina okkar, sem unnir eru í samstarfi við RÚV og sendir beint út í sjónvarpinu. Þá sýndi RÚV einnig upptöku frá tónleikum Sinfóníunnar í Gautaborg frá starfsárinu á undan.

Vönduð dagskrárgerð Rásar 1 með viðtölum við listamenn fylgir útsendingum og á undan tónleikum er sendur út þátturinn Á leið í tónleikasal. Upptökurnar frá tónleikum eru síðan aðgengilegar í Sarpinum á ruv.is næstu 10 vikur.

Hljómsveitin hélt áfram með beint myndstreymi frá völdum tónleikum. Sýrland tók upp og sendi út ferna tónleika - þremur þeirra var streymt beint á vef hljómsveitarinnar og einum skólatónleikum var streymt beint til grunnskóla á landsbyggðinni. Valdir kaflar frá tónleikum eru síðan aðgengilegir á vef SÍ og Youtube-rás hljómsveitarinnar.

Þróun fjölda tónleikagesta



Þróun í miðasölu

	'10/'11	'11/'12	'12/'13	'13/'14	'14/'15	'15/'16	'16/'17	'17/'18
Heildarsala	50.130	56.950	56.873	51.757	51.546	51.669	54.614	56.550
- Utan áskriftar	34.876	33.211	35.185	31.085	31.750	32.431	34.588	35.752
- Innan áskriftar	15.254	23.739	21.688	20.672	19.796	19.238	20.026	20.798
Hlutfall áskrifta	30,4%	41,7%	38%	40%	38%	37%	37%	37%

5. Mannauðsmál

Á starfsárinu 2017-2018 störfuðu um 113 fastir starfsmenn hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands og fékk hljómsveitin um 116 lausráðna hljóðfæraleikara til liðs við sig á það starfsár. Haldin voru sex hæfnispróf á starfsárinu.

Áherslur vetrarins voru m.a. orkustjórnun þar sem gefin voru góð ráð og leiðir til þess að auka orku- búskap einstaklingsins. Haldið var áfram með heilsuátakið með fræðslu um mikilvægi góðs svefns og einnig var boðið upp á heyrnargreiningu, en næstu skref í þeirri vinnu er að sérhanna eyrnatappa sem henta hljóðfæraleikurum sem þess þurfa. Aðrar áherslur voru hugleiðingar um tilgang og ávinning þess í lífi og starfi, gleði og fagmennsku á vinnustað. Til stuðnings þessum áherslum var boðið upp á fræðslu í formi pistla og örnámskeiða yfir veturinn. Haldin voru örnámskeið í tölvukerfinu Vinnustund sem heldur utan um vinnutíma hljómsveitarinnar.

Í kjölfar meto-byltingarinnar var farið í það að skýra ferli og bæta viðbragðsáætlun vegna eineltis, áreitni og ofbeldis á vinnustað og tók Sinfóníuhljómsveit Íslands þátt í rafrænni könnun sem unnin var fyrir SAVÍST (samtek atvinnuveitenda í sviðslistum og tónlist).

Stofnunin tók þátt í skoðanakönnuninni Stofnun ársins 2018 eins og undanfarin ár, en þetta er í sjöunda sinn sem stofnunin tekur þátt í þessari könnun sem er á vegum Fjármála- og efnahagsráðuneytisins en unnin af fyrirtækinu Gallup. Svarhlutfall var 55%.

Helstu þættir könnunar eru: stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægja og stolt og jafnrétti. Helstu niðurstöður eru að sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægja og stolt ásamt jafnrétti koma vel út með einkunnir vel yfir 4 (hámark 5). Starfsandi og stjórnun voru á pari við síðustu ár en launakjör, sveigjanleiki í vinnu og vinnuskilyrði kom verr út en undanfarin ár.

Haldið var áfram að leggja áherslu á góð og uppbyggileg samskipti milli starfsmanna og liðsheild, enda er það á ábyrgð allra innan SÍ að stuðla að góðum samskiptum og starfsanda á vinnustaðnum. Reglulega voru haldnir starfsmannafundir með öllu starfsfólki, deildarfundir með hverri deild fyrir sig, leiðarafundir og samráðsfundir með stjórn SMFSÍ. Starfsmannasamtal milli leiðara og hljóðfæraleikara fór fram að vanda veturinn 2017-18 og eru helstu áherslupunktur sem fyrr líðan starfsmanns, upplýsingaflæði, starfið og starfsánægja.

**Kyngreindar upplýsingar v. starfsársins 2017-18.
(hljómsveitarstjórar, einleikarar, tónskáld)**

Hljómsveitarstjórar

Konur: 4
Karlal: 19

Íslenskir einleikarar og einsöngvarar

Konur: 15
Karlal: 12

Íslenskir sögumenn, kynnar o.fl.

Konur: 3
Karlal: 5

Táknmálstúlkar

Konur: 2

Erlendir einleikarar og einsöngvarar

Konur: 12
Karlal: 11

Flytjendur á kammertónleikum

Konur: 5
Karlal: 9

Erlend tónverk

Eftir kventónskáld: 5
Eftir karltónskáld: 170

Íslensk tónverk

Eftir kventónskáld 10
Eftir karltónskáld: 28

Tónverk flutt á kammertónleikum

Eftir kventónskáld 0
Eftir karltónskáld: 20

Kynjahlutfall starfsfólks starfsárið 2017-18

	Allir	%	Konur	%	Karlal	%
Fastir hljóðfæraleikarar	99	100%	52	53%	47	47%
Skrifstofa og sviðsmenn	12	100%	7	58%	5	42%
Lausráðnir	116	100%	51	44%	65	56%

Samkvæmt Gallup er kynjahlutfall gesta:

Konur 56%
Karlal 44%



6. Listamenn sem komu fram með hljómsveitinni 2017-18

Hljómsveitarstjórar

Anna-Maria Helsing
Bernharður Wilkinson
Bjarni Frímann Bjarnason
Daniel Blendulf
Daniel Raiskin
Daníel Bjarnason
David Danzmayr
Dima Slobodeniouk
Eivind Aadland
Hermann Bäumer
Jonathan Cohen
Joshua Weilerstein
Karen Kamensek
Karina Canellakis
Keri-Lynn Wilson
Ludwig Wicki
Matthew Halls
Osmo Vänskä
Richard Kaufman
Vadim Nikitin
Víkingur Heiðar Ólafsson
Vladimir Ashkenazy
Yan-Pascal Tortelier

Sinfóníuhljómsveit

Gautaborgar

Santtu-Matias Rouvali

Ungsveit

Sinfóníuhljómsveitar

Íslands

Daniel Raiskin

Íslenskir einleikarar og einsöngvarar

Ásta Kristín Pjetursdóttir, víóla
Bryndís Guðjónsdóttir, söngur
Dísella Lárusdóttir, söngur
Einar Jóhannesson, klarínnett
Elmar Gilbertsson, söngur
Guðmundur Andri Ólafsson, horn
Hallveig Rúnarsdóttir, söngur
Hanna Dóra Sturludóttir, söngur
Hildigunnur Einarsdóttir, söngur
Kolbeinn Ketilsson, söngur
Kolbrún Völkudóttir, einsöngur á
táknmáli
Kristinn Sigmundsson, söngur
Margrét Eir Hönnudóttir, söngur
Nicola Lolli, fiðla
Oddur Arnþór Jónsson, söngur
Ólafur Kjartan Sigurðsson, söngur
Romain Þór Denuit, píanó
Sigríður Ósk Kristjánsdóttir, söngur
Sigrún Eðvaldsdóttir, fiðla
Sigrún Hjálmtýsdóttir, söngur
Sigurður Þór Óskarsson, söngur
Stefán Ragnar Höskuldsson, flauta
Sæunn Þorsteinsdóttir, selló
Valgerður Guðnadóttir, söngur
Víkingur Heiðar Ólafsson, píanó
Þóra Einarsdóttir, söngur
Þórunn Arna Kristjánsdóttir, söngur

Erlendir einleikarar og einsöngvarar

Alban Gerhardt, selló
Alina Pogostkina, fiðla
Andreas Ottensamer, klarínnett
Arthur Jussen, píanó
Baiba Skride, fiðla
Behzod Abduraimov, píanó
Christiane Karg, söngur
Jakob Zethner, söngur
James Laing, söngur
Karita Mattila, söngur
Leila Josefowicz, fiðla
Lukas Jussen, píanó
Marie Arnet, söngur
Mei Yi Foo, píanó
Nobuyuki Tsujii, píanó
Paul Carey Jones, söngur
Paul Lewis, píanó
Radek Baborak, horn
Sally Matthews, söngur
Sasha Cooke, söngur
Selma Buch Ørum Villumsen, söngur
Suzanne Fischer, söngur
Yulianna Avdeeva, píanó

Sinfóníuhljómsveit Gautaborgar

Hélène Grimaud, píanó

Listamenn sem komu fram á kammertónleikum

Calder strengjakvartettinn

Andrew Bulbrook, fiðla
Benjamin Jacobson, fiðla
Eric Byers, selló
Jonathan Moerschel, víóla
Anna Guðný Guðmundsdóttir, píanó
Bryndís Halla Gylfadóttir, selló
Domenico Codispoti, píanó
Guðrún Dalía Salómonsóttir, píanó
John Novacek, píanó
Nicola Lolli, fiðla
Osma Vänskä, klarínnett
Sigrún Eðvaldsdóttir, fiðla
Sigurgeir Agnarsson, selló
Þórunn Ósk Marinósdóttir, víóla

Kórar og sögumenn o.fl.

Bjöllukór Reykjanesbæjar – Karen Janine
Sturlaugsson, stjórnandi
Dansarar úr Listdansskóla Íslands – Guðmundur
Helgason og Hildur Ólafsdóttir, danshöfundar og
æfingastjórar
Gerður Sjöfn Ólafsdóttir, táknaóstúlkur
Guðni Tómasson, kynnir
Halla Oddný Magnúsdóttir, kynnir
Halldóra Geirharðsdóttir, kynnir/sögumaður
Hamrahlíðarkórarnir – Þorgerður Ingólfssdóttir,
kórstjóri
Hilmir Snær Guðnason, leikari
Hjördís Ástráðsdóttir, kynnir
Kór Íslensku óperunnar – Magnús Ragnarsson,
kórstjóri
Kór Kársnesskóla – Álfheiður Björgvinsdóttir, kórstjóri
Kór tónlistardeildar Listaháskóla Íslands

Listdanshópur – Lára Stefánsdóttir, danshöfundur
Litlu sprotarnir, táknaóstúlkur – Hjördís Anna
Haraldsdóttir, kórstjóri og Laila Margrét
Arnpórsdóttir, umsjón
Mótettukór Hallgrímskirkju – Hörður Áskelsson,
kórstjóri
Óperukórinn í Reykjavík – Garðar Cortes, kórstjóri
Saxafónhópur úr Tónlistarskóla Garðabæjar – Bragi
Vilhjálmsson, stjórnandi
Schola Cantorum – Hörður Áskelsson, kórstjóri
Sigurður Þór Óskarsson, söngvari/sögumaður
Slagverkshópurinn Trinidad – Frank Aarnink,
æfingastjórn
Stúlknaóstúlkur Reykjavíkur og Aurora – Margrét
Pálmadóttir, listrænn stjórnandi, Guðrún Árný
Guðmundsdóttir og Sigríður Soffía Hafliðadóttir,
kórstjórar
Ungir píanóleikarar: Alexander Viðar, Anais
Bergsdóttir, Ásta Dóra Finnsdóttir og Magnús
Stephensen – Kristinn Örn Kristinsson, æfingastjórn
Valur Freyr Einarsson, kynnir
Þórunn Arna Kristjánsdóttir, söngvari/sögumaður
Ævar Þór Benediktsson, sögumaður/kynnir



7. Tónleikar starfsárið 2017-18

Áskriftartónleikar

Gul tónleikaröð

14. september 2017 – Stefán Ragnar og Tortelier

- Charles Gounod: Sinfónía nr. 1
(frumflutningur á Íslandi)
- Jacques Ibert: Flautukonsert
- Witold Lutosławski: Konsert fyrir hljómsveit
Yan Pascal Tortelier, hljómsveitarstjóri
Stefán Ragnar Höskuldsson, einleikari

5. október 2017 – LA/Reykjavík

- Ígor Stravinskíj: Sálmasinfónía
- John Adams: Scheherezade.2
(frumflutningur á Íslandi)
Daníel Bjarnason, hljómsveitarstjóri
Leila Josefowicz, einleikari
Hamrahlíðarkórarnir, Þorgerður Ingólfssdóttir
kórstjóri

16. nóvember 2017 – Myndir á sýningu

- Pjotr Tsjajkovskíj: Píanókonsert nr. 1
- Claude Debussy: Forleikur að Síðdegi skógarpúkans
- Modest Músorgskíj: Myndir á sýningu (úts.
Maurice Ravel)
Yan Pascal Tortelier, hljómsveitarstjóri
Yulianna Avdeeva, einleikari

1. febrúar 2018 – Píanókonsertar Beethovens III

- Wolfgang Amadeus Mozart: Töfraflautan, forleikur
- Ludwig van Beethoven: Píanókonsert nr. 5,
Keisarakonsertinn
- Wolfgang Amadeus Mozart: Sinfónía nr. 41, Júpíter
Matthew Halls, hljómsveitarstjóri
Paul Lewis, einleikari

1. mars 2018 – Örlagasinfónía Beethovens

- Jónas Tómasson: Sinfóníetta II
(frumflutningur á Íslandi)
- Robert Schumann: Fiðlukonsert
(frumflutningur á Íslandi)
- Ludwig van Beethoven: Sinfónía nr. 5,
Örlagasinfónían
Eivind Aadland, hljómsveitarstjóri
Baiba Skride, einleikari

25. maí 2018 – Alina spilar Sibelius

- Kaija Saariaho: Ciel d'hiver (Vetrarhiminn)
(frumflutningur á Íslandi)
- Jean Sibelius: Fiðlukonsert
- Béla Bartók: Konsert fyrir hljómsveit
Daniel Blendulf, hljómsveitarstjóri
Alina Pogostkina, einleikari

7. júní 2018 – Behzod spilar Rakhmanínov

- Ludwig van Beethoven: Egmont, forleikur
- Florence Price: Sinfónía nr. 1
(frumflutningur á Íslandi)
- Sergej Rakhmanínov: Píanókonsert nr. 2
Joshua Weilerstein, hljómsveitarstjóri
Behzod Abduraimov, einleikari

Rauð tónleikaröð

7. september 2017 – Upphafstónleikar:

Píanókonsertar Beethovens II

- Franz Schubert: Rósamunda, forleikur
- Ludwig van Beethoven: Píanókonsert nr. 1
- Franz Schubert: Forleikur í ítölskum stíl
- Ludwig van Beethoven: Píanókonsert nr. 4
Matthew Halls, hljómsveitarstjóri
Paul Lewis, einleikari

9. nóvember 2017 – Tortelier stjórnar Rakhmanínov

- Þórður Magnússon: Námur
- Reinhold Glière: Hornkonsert
- Sergej Rakhmanínov: Sinfónískir dansar
Yan Pascal Tortelier, hljómsveitarstjóri
Radek Baborak, einleikari

30. nóvember 2017 – Víkingur leikur Mozart

- Wolfgang Amadeus Mozart: Píanókonsert nr. 24
- Richard Strauss: Ein Heldenleben (Hetjulíf)
Dima Slobodeniouk, hljómsveitarstjóri
Víkingur Heiðar Ólafsson, einleikari

18. janúar 2018 – Svo mælti Zarabústra

- Grazyna Bacewicz: Forleikur fyrir hljómsveit (frumflutningur á Íslandi)
- Dmítrij Shostakovitsj: Sellókonsert nr. 1
- Richard Strauss: Also sprach Zarathustra (Svo mælti Zarabústra)
David Danzmayr, hljómsveitarstjóri
Alban Gerhardt, einleikari

15. febrúar 2018 – Osmo stjórnar Shostakovitsj

- Sergej Prokofjev: Kijé liðsforingi, svíta
- Áskell Músson: Silfurfljót (heimsfrumflutningur)
- Dmítrij Shostakovitsj: Sinfónía nr. 6
Osmo Vänskä, hljómsveitarstjóri
Einar Jóhannesson, einleikari

15. mars 2018 – Mattila syngur Wagner

- Anton Webern: Passacaglia
- Richard Wagner: Wesendonck-söngvar
- Hector Berlioz: Symphonie fantastique (Draumórasinfónían)
Yan Pascal Tortelier, hljómsveitarstjóri
Karita Mattila, einsöngvari

1. júní 2018 – Mahler nr. 2 á Listahátíð í Reykjavík

- Gustav Mahler: Sinfónía nr. 2, Upprisusinfónían
Osmo Vänskä, hljómsveitarstjóri
Christine Karg, einsöngvari
Sasha Cooke, einsöngvari
Mótettukór Hallgrímskirkju, Hörður Áskelsson kórstjóri

Græn tónleikaröð

21. september 2017 – Frönsk veisla

- Paul Dukas: L'Apprenti sorcier (Lærisveinn galdrameistarans)
- Maurice Ravel: Valses nobles et sentimentales
- Francis Poulenc: Konsert fyrir tvö píanó
- Maurice Ravel: Pavane pour une infant défunte (Pavane fyrir látna prinsessu)
- Jaques Offenbach: Þættir úr Gaité Parisienne (frumflutningur á Íslandi)
Yan Pascal Tortelier, hljómsveitarstjóri
Lucas Jussen, einleikari
Arthur Jussen, einleikari

26. október 2017 – Ottensamer og Canellakis

- Felix Mendelssohn: Draumur á Jónsmessunótt, forleikur
- Carl Stamitz: Klarínettkonsert nr. 7 í Es-dúr
- Amy Beach: Berceuse (frumflutningur á Íslandi)
- Johannes Brahms: Ungverskur dans nr. 7
- Johannes Brahms: Sinfónía nr. 2
Karina Canellakis, hljómsveitarstjóri
Andreas Ottensamer, einleikari

4. janúar 2018 – Vínartónleikar

- (endurteknir 5. janúar kl. 19:30 og 6. janúar kl. 16:00 og 19:30)
(opin aðalæfing fyrir eldri borgara 4. janúar kl. 12:30)
- Johann Strauss II: Die Fledermaus (Leðurblakan), forleikur

- Johann Strauss II: Tik-Tak, hraður polki
- Franz Lehár: Meine Lippen sie küssen so heiss (aría úr óerettunni Giuditta)
- Franz Lehár: Freunde, das Leben ist lebenswert (aría úr óerettunni Giuditta)
- Hans Christian Lumbye: Københavns Jernbane Damp Galop
- Emmerich Kálmán: Ich tanz mit dir ins Himmelreich (dúett úr óperunni Der Zigeunerprimas)
- Émile Waldteufel: España, vals
- Franz von Suppé: Pique Dame, forleikur
- Franz Lehár: Da geh' ich zu Maxim (aría úr óerettunni Káta ekkjan)
- Emmerich Kálmán: Heia in den Bergen (aría úr óperettunni Die Csárdásfürstin)
- Johann Strauss II: Csárdás (úr óperunni Ritter Pázmán)
- Rudolf Siczynski: Wien, du Stadt meiner Träume (Vínarljóð)
- Johann Strauss II: An der schönen blauen Donau (Dónárvalsinn)
- Franz Lehár: Lippen schwiegen (aukalag)
- Johann Strauss II: Radetzky-Marsch (aukalag)
Karen Kamensek, hljómsveitarstjóri
Valgerður Guðnadóttir, einsöngvari
Kolbeinn Ketilsson, einsöngvari
Listdanshópur, Lára Stefánsdóttir danshöfundur

8. mars 2018 – Ravel og Prokofiev

- Charles Gounod: Sinfónía nr. 2 (frumflutningur á Íslandi)
- Sergej Prokofiev: Fiðlukonsert nr. 1
- Maurice Ravel: La valse
Yan Pascal Tortelier, hljómsveitarstjóri
Nicola Lolli, einleikari

20. apríl 2018 – Ashkenazy og Nobu

- Frédéric Chopin: Píanókonsert nr. 2
- Sergej Rakhmanínov: Sinfónía nr. 2
Vladimir Ashkenazy, hljómsveitarstjóri
Nobuyuki Tsujii, einleikari

Föstudagsröðin

1. desember 2017 – Mozart og Arvo Pärt

- Arvo Pärt: Für Alina
- Arvo Pärt: Spiegel im Spiegel
- Arvo Pärt: Mozart-Adagio
- Wolfgang Amadeus Mozart: Píanókonsert nr. 24 í c-moll
Nicola Lolli, fiðluleikari
Sigurgeir Agnarsson, sellóleikari
Víkingur Heiðar Ólafsson, einleikari og stjórnandi

16. febrúar 2018 – Strið og friður

- Gideon Klein: Tríó fyrir strengi
- Olivier Messiaen: Þættir úr Kvartett fyrir endalok tímans
- Dmítrij Shostakovitsj: Sinfónía nr. 6
Sigrún Eðvaldsdóttir, fiðla
Þórunn Ósk Marinósdóttir, víola
Bryndís Halla Gylfadóttir, selló
Domenico Codispoti, píanó
Osma Vänskä, klarínattleikari og hljómsveitarstjóri

9. mars 2018 – Ástir og örlög

- Robert Schumann: Þrír söngvar úr Myrthen
- Robert Schumann: Geistervariationen
- Ludwig van Beethoven: Sinfónía nr. 5, Örlagasinfónían
Þóra Einarsdóttir, einsöngvari
Anna Guðný Guðmundsdóttir, píanó
Guðrún Dalía Salómonsdóttir, píanó
Yan Pascal Tortelier, hljómsveitarstjóri

Litli tónsprotinn

30. september 2017 – Astrid Lindgren tónleikar

(endurteknir 30. september kl. 16:00)

- Georg Riedel/Jóhann G. Jóhannsson: Kattholtsmars
- Georg Riedel: Hlustið, góðu vinir!
(úts. Jóhann G. Jóhannsson)
- Georg Riedel: Smíðaskemma
(úts. Jóhann G. Jóhannsson)
- Georg Riedel: Kisa mín (úts. Jóhann G. Jóhannsson)
- Georg Riedel: Ástarsöngur Línu vinnukonu
(úts. Jóhann G. Jóhannsson)
- Georg Riedel: Vinnumannsvísur Alfreðs
(úts. Jóhann G. Jóhannsson)
- Georg Riedel: Blísturslagið
(úts. Jóhann G. Jóhannsson)
- Georg Riedel: Öfugmælavísur
(úts. Jóhann G. Jóhannsson)
- Georg Riedel: Vorsöngur Ídu
(úts. Jóhann G. Jóhannsson)
- Jóhann G. Jóhannsson: Vorsöngur frá Saltkráku
(þjóðlag, úts. Jóhann G. Jóhannsson)
- Jóhann G. Jóhannsson: Ljónshjarta
- Jóhann G. Jóhannsson: Dúfan hvíta
- Jóhann G. Jóhannsson: Frelsissöngur úr Þyrniróadal
- Georg Riedel: Letidýr (úts. Jóhann G. Jóhannsson)
- Georg Riedel: Sjóræningjaafi
(úts. Jóhann G. Jóhannsson)
- Georg Riedel: Sumarsöngur Línu Langsokks
(úts. Jóhann G. Jóhannsson)
- Jan Johansson: Lína Langsokkur
(úts. Jóhann G. Jóhannsson)
Anna-Maria Helsing, hljómsveitarstjóri
Þórunn Arna Kristjánsdóttir og Sigurður Þór
Óskarsson; söngvarar og sögumenn
Jóhann G. Jóhannsson, útsetningar og handrit
Kór Kársnesskóla, Álfheiður Björgvinsdóttir kórstjóri

16. desember 2017 – Jólatónleikar Sinfóníunnar

(endurteknir 16. des. kl. 16:00 og 17. des. kl. 14:00 og 16:00)

- Robert Sheldon: A Most Wonderful Christmas
(Jólaforleikur)
- John Francis Wade: Adeste Fideles – Frá ljósanna hásal (úts. Haraldur Vignir Sveinbjörnsson)
- Leroy Anderson: Sleðaferðin
- Joo-Hye Lee: Jólafantasía/Christmas Fantasy
(úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Pjotr Tsjajkovskíj: Dansar úr Hnotubrjótnum og Svanavatninu
- Hrafnkell Orri Egilsson: Jólasnjór
- Jester Hairston: Forðum í bænum Betlehem
(úts. Matti Kallio)
- Leigh Hairline & Ned Washington: Óskasteinn
(úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Franz Gruber: Heims um ból
(úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
Bernharður Wilkinson, hljómsveitarstjóri
Trúðurinn Barbara, kynnir
Margrét Eir Hönnudóttir, einsöngvari
Kolbrún Völkudóttir, einsöngur á táknmáli
Alexander Viðar, einleikari
Anais Bergsdóttir, einleikari
Ásta Dóra Finnsdóttir, einleikari
Magnús Stephensen, einleikari
Gerður Sjöfn Ólafsdóttir, táknmálstúlkur
Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar - Karen
Janine Sturlaugsson, stjórnandi
Dansarar úr Listdansskóla Íslands - Guðmundur
Helgason og Hildur Ólafsdóttir, danshöfundar og
æfingastjórni
Litlu sprotarnir, táknmálakór - Hjördís Anna
Haraldsdóttir kórstjóri og Laila Margrét
Arnþórsdóttir, umsjón
Saxófónhópur úr Tónlistarskóla Garðabæjar - Bragi
Vilhjálmsson, stjórnandi

Slagverkshópurinn Trinidad – Fran Aarnink,
æfingastjórn

Stúlknakór Reykjavíkur og Aurora – Margrét J.
Pálmadóttir, listrænn stjórnandi, Guðrún Árný
Guðmundsdóttir og Sigríður Soffía Hafliðadóttir,
kórstjórar

Ungir píanóleikarar – Kristinn Örn Kristinsson,
æfingastjórn

10. febrúar 2018 – Ævintýratónleikar Ævars

(endurteknir 10. febrúar kl. 16:00)

- Lalo Schifrin: Mission Impossible, titillag
- Sigurður Helgi Oddsson: Þín eigin þjóðsaga
(úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Bedelt & Zimmer: Úr Sjóræningjum Karíbahafsins
- John Williams: Lag Hedwigs úr Harry Potter
- Howard Shore: Úr Hringadróttinssögu
- Elmer Bernstein: Flóttinn mikli, göngulag
- Danny Elfman: Batman, titillag
- Ray Parker: Draugabandar, titillag
(úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
